

Lífsýnasafn LLSV – Lífsýnasafn Landspítala á sýkla- og veirufræðideild

Stjórn lífsýnasafns

Arthur Löve, yfirlæknir veirufræðideildar, formaður, Karl Gústaf Kristinsson, yfirlæknir sýklafræðideildar, varaformaður, Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindadeildar, aðrir stjórnarmenn.

Ábyrgðarmaður lífsýnasafns

Guðrún Erna Baldvinsdóttir, sérfræðilæknir, veirufræðideild

Dagleg ábyrgð á lífsýnasafninu

Auður Ýr Þorlákssdóttir, öryggis- og gæðastjóri lífsýnasafna, erfða-og sameindalæknisfræðideild

Markmið með starfrækslu safnsins

Safnið varðveitir öll þjónustusýni sem send eru til sýkla-og veirufræðideilda til sjúkdómsgreiningar og talin eru þurfa geymslu umfram 5 ár með hagsmuni sjúklingsins í huga eða vegna vísindalegs mikilvægis skv.3.mgr.7.gr. laga nr. 110/2000, sbr. 9.gr. sömu laga. Telst sýni vera hluti af lífsýnasafninu þegar það hefur verið skilgreint sem sýni er krefst langtímageymslu og starfsmaður sýkla- og veirufræðideildar hefur skráð það og tekið til vörslu. Einnig er heimilt að varðveita að beiðni ábyrgðarmanns vísindarannsóknar sýni sem safnað er sérstaklega vegna vísindarannsóknar með upplýstu samþykki lífsýnisgjafa og í samræmi við tilskilin leyfi. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar skal upplýsa umsjónaraðila lífsýnasafnsins um leyfilegan geymslutíma vísindasýna í samræmi við ákvæði tilheyrandi rannsóknaráætlunar.

Tegund lífsýna sem unnið er með

- 1) Þjónustusýni af þeirri gerð er krefst ótímabundinnar geymslu eftir greiningu skv. skilgreiningu sérfræðings deildarinnar með læknisfræðilega hagsmuni lífsýnagjafa í huga.
- 2) Þjónustusýni sem ákveðið er að geyma ótímabundið eftir að niðurstaða greiningar liggur fyrir vegna þýðingar þess varðandi gæðaeftirlit, aðferðaþróun, kennslu eða vísindalegt mikilvægi
- 3) Sýni sem safnað er sérstaklega vegna vísindarannsóknar með upplýstu samþykki sem heimilar vörslu í lífsýnasafni
- 4) Önnu sýni er berast safninu til geymslu með viðeigandi heimildum.

Frá hvaða aðilum berast lífsýni

Þjónustusýnin koma frá sýkla- og veirufræðideildum Landspítala vegna rannsókna í þágu sýnagjafa.

Vísindasýnum sem safnað er í rannsóknarverkefni með upplýstu samþykki fyrir vistun í lífsýnasafni. Ábyrgðarmenn rannsóknarverkefnanna eru sérfræðingar innan sýkla- og veirufræðideildar.

Aðgangur að lífsýnunum og hugsanlegur flutningur þeirra úr landi

Þjónustusýni í lífsýnasafninu eru notuð við sjúkdómsgreiningar og aðra þjónustu við sjúklinga. Þjónustusýni sem þörf er á að nota vegna þjónustu við sjúklinga eru ætíð til reiðu fyrir

sérfræðinga innan deildar og er hægt að nota þau án nokkurs fyrirvara. Þjónustusýni eru einnig notuð til kennslu, gæðaeftirlits og aðferðaþróunar af sérfræðingum deilda og eru þá ópersónugreinanleg. Sótt er um þjónustusýni til vísindarannsóknar með umsókn til stjórnar LLSV.

Heimilt er að senda lífsýni úr landi í þágu lífsýnisgjafa, vegna sjúkdómsgreiningar eða gæðaeftirlits. Annar flutningur lífsýna úr landi er háður samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær nefndir setja.

Aðgangur að starfsreglum lífsýnasafnsins

Starfsreglur lífsýnasafnsins eru birtar á vef [Landspítala](http://www.landspitali.is) (www.landspitali.is). Þær koma fram í skipulagsskrá safnsins.